



# Vefstefna Háskóla Íslands

*Fyrir ytri vefsvæði*



Vefstefna Háskóla Íslands er unnin af markaðs- og samskiptasviði Háskóla Íslands í samvinnu við vefráð Háskóla Íslands. Höfundar eru: Díana Dögg Víglundsdóttir, Jón Örn Guðbjartsson og Baldur Eiríksson.

Háskóli Íslands, mars 2010.

Skjal þetta má ekki afrita með neinum hætti nema með leyfi Háskóla Íslands.

# 1. Vefstefna Háskóla Íslands

Markmið Háskóla Íslands er að vefsvæði skólans geti veitt sem mest af þeirri þjónustu í gegnum vefgáttir sem Háskólinn veitir nú með áþreifanlegum hætti í nærumhverfi sínu. Með þessu getur Háskólinn aukið þjónustustig, bætt upplýsingaflæði, dregið úr kostnaði og tryggt að notendur geti átt samskipti við Háskólann með veflögum aðgerðum allan sólarhringinn.

Háskólinn leggur áherslu á að vefurinn verði verkfæri til gagnkvæmra samskipta notenda við Háskólann og verði þannig viðmót á innri upplýsingakerfi Háskólans eins og nokkur er kostur. Allar umsóknir og öll eyðublöð, sem send eru frá notendum af vefsvæði til skólans, verða þannig á rafrænu formi og fara beint í viðeigandi innri kerfi og gagnagrunna til úrvinnslu.

Vefstefna Háskóla Íslands styðst í einu og öllu við hönnunarstaðal Háskóla Íslands, ásamt ímyndar- og mörkunarstefnu skólans. Hún fylgir einnig markmiðum og samþykkttri Stefnu Háskóla Íslands og má aldrei víkja frá henni.

Með vefstefnunni virðir Háskóli Íslands í einu og öllu akademískt frelsi starfsmanna sinna og sköpunarþrótt einstaklinga innan skólans við að miðla efni inn á vefsvæði sem rekin eru í nafni Háskólans eða eru vistuð á veflénnum sem honum tengjast.

Vefstefnunni er ætlað að vera leiðarljós öllum þeim sem vinna slíkt efni en með samræmdri vefstefnu er leitast við að búa helstu ytri vefjum Háskóla Íslands heildstæða umgjörð og útlit. Markmiðið með stefnunni er ekki að hafa stjórn á inntaki vefjanna að öðru leyti en því að þeir gefi markvissa, skýra og raunsanna mynd af starfi Háskólans og gangi ekki í berhögg við yfirlýsta stefnu og markmið Háskóla Íslands frá 2006-2011. Við uppbyggingu og þróun einstakra vefsvæða er vefstefnunni því fylgt eins vel og kostur er.

Vefstefnan nær til allra sem vinna efni á vefi Háskólans og spannar allt sem vistað er undir léninu hi.is og á tengdum lénnum. Allir þeir sem vinna efni á vefsvæði HÍ skulu því kynna sér stefnuna vel.

Vefstefnan er endurskoðuð í það minnsta einu sinni á ári að frumkvæði vefritstjóra og sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs í samvinnu við vefráð Háskóla Íslands. Hugtökin vefráð Háskóla Íslands og vefritstjóri Háskóla Íslands eru skilgrind í þessu skjali.

Einingum innan Háskólans er velkomid að setja sína eigin vefstefnu svo lengi sem hún stangast ekki á við það sem fram kemur í þessari.

Vefstefna HÍ er samþykkt af vefritstjóra HÍ, sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs og yfirstjórn Háskóla Íslands.

## 2. Ritstjórnarstefna

### **Texti / Efni / Gögn**

Vefir HÍ eiga að veita aðgang að öllum upplýsingum og þjónustu sem gagnast tilvonandi nemendum, núverandi og fyrrverandi nemendum, fréttamiðlum, almenningi, starfsfólki, samstarfsaðilum og hagsmunaaðilum.

Vefsvæði Háskóla Íslands er í raun vefborg þar sem notandi fær aðgang að upplýsingaveitu yfirvefs með tilvísun í fjölda undirvefja. Til að reka vefborg er hægt að fara tvær leiðir, annars vegar að nota eitt vefumsjónarkerfi fyrir öll vefsvæði og vefhluta, eða fleiri vefumsjónarkerfi sem tengd eru saman skipulega með vörpun gagna. Í tilviki Háskólans er stefnan að notast við eitt vefumsjónarkerfi fyrir alla vefi Háskólans eins og við verður komið. Þá eru vefsvæði ýmissa stofnana einnig í sjálfstæðum vefumsjónakerfum.

Ef gögn eru flutt frá þessum vefjum til birtingar í aðalvef HÍ er það gert með RSS þjónustum eða gagnaspeglun. Vefir kennara, smærri ráðstefna og viðburða eru reknir í sjálfstæðu og einföldu vefumsjónarkerfi Wordpress, sem vikið verður að síðar.

Upplýsingar í vefsvæði Háskóla Íslands koma því með þrennum hætti til birtingar í veflíki:

1. Í gegnum vefumsjónarkerfi
2. Fyrir tilstuðlan vefþjónusta sem spegla gögnum úr ólíkum kerfum innan HÍ til birtingar í vefsvæðum skólans
3. Með RSS þjónustum úr kerfum sem birta upplýsingar sem gagnast Háskóla Íslands, eða á milli vefja Háskóla Íslands.

Stefna Háskólans er að allar upplýsingar sem gagnast hagsmunahópum, og liggja í kerfum Háskólans, eigi að verða birtar á vefsvæðum Háskólans með gagnaspeglun. Það er skólanum til framdráttar að upplýsingar með ólíkan uppruna séu sameinaðar í eitt veflægt viðmót með sjálfvirkri vörpun þeirra úr mismunandi kerfum. Þannig er hægt að svara gríðarlegum fjölda fyrirspurna með einföldum hætti og markvissri upplýsingagjöf, án þess að mannshöndin komi nærri.

Ljóst er að persónuleg úrlausn fyrirspurna er metin ein besta aðferðin til að veita þjónustu en sú leið er gjarnan kostnaðarsamari en veflæg miðlun auk þess sem sú greining og flokkun upplýsinga sem felst í innsetningu efnis með skipulögðum hætti í vefsvæði Háskólans skapar verðmæti í vistun gagnanna. Slík flokkun gagna og vistun viðheldur þekkingu innan Háskólans og bætir flæði þjónustu og upplýsinga til hagsmunahópa.

Markmið Háskóla Íslands að vefsvæði skólans leggi ríka áherslu á vandaða vísindamiðlun, þjónustumiðlun og flutning fréttu af starfi innan Háskólans. Vefsvæðin skulu leggja ríka áherslu á miðlun upplýsinga um viðburði innan skólans. Þá skulu þau hafa aðgengilegar upplýsingar um allar námsleiðir á vegum skólans þar sem nægjanlega ítarlegar upplýsingar þurfa að liggja fyrir til að styðja væntanlega nemendur við að taka ákvörðun við val á námi.

Varðandi miðlun upplýsinga eru eftirfarandi reglur lagðar til grundvallar:

- Upplýsingar um sama efni mega ekki stangast á og tengja verður á milli síða frekar en margskrá sömu upplýsingar.
- Allar upplýsingar á að setja fram á hnitmiðuðu og vönduðu máli, helst þannig að notandinn geti nálgast þær á einum skjáfylli.
- Í innsetningu fréttu skulu meginatriðin sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.

- Í innsetningu viðburða skulu meginatriðin sett fremst, setningar skulu vera stuttar og markvissar, lýsingarorð spöruð og fyrirsagnir vera stuttar, knappar og lýsandi.
- Nota á málfar sem miðar við almennan lesanda og forðast á sérhæft eða tæknilegt orðafar.
- Ætíð á að haga efni og framsetningu á þann hátt að það sé sem aðgengilegast fyrir alla vefgesti.
- Framsetning efnis á ætíð vera í samræmi við vinnureglur vegna aðgengis fyrir fatlaða notendur og tekin eru fram í viðauka.
- Stefna Háskólans er að farið verið eftir helstu aðgengisstöðlum fyrir fatlaða í vinnu við alla vefi Háskóla Íslands.
- Allar síður skulu hafa fyrirsagnir sem passa við heiti á síðunum.
- Netföng, símanúmer og starfssvið umsjónarmanna einstakra vefsvæða skulu vera vel sýnileg til þess að notendur geti fyrirhafnarlítið sent fyrirspurnir og athugasemdir.
- Ekki á að birta höfundaréttarvarið efni á vefjum HÍ nema með samþykki rétthafa og á að taka það fram.
- Lögð er áhersla á að allar helstu upplýsingar varðandi nám við Háskólann séu einnig til á ensku. Er það á ábyrgð vefstjóra fræðasviða að halda því við.
- Val auglýsinga á forsíðu HÍ er á ábyrgð vefritstjóra og sviðsstjóra markaðs- og samskiptasviðs.
- Vefritstjóri og sviðsstjóri markaðs- og samskiptasviðs úrskurðar um álitamál tengdum efni.

## Útlit

Útlit vefja skal ekki stangast á við hönnunarstaðal HÍ. Útliti vefsvæðis Háskóla Íslands er stýrt með fyrirframgerðum sniðskjólum.

Sniðskjölin, sem gerð eru eftir hönnunarstaðli Háskólans, ýta undir að útlit efnis sé alltaf samræmt, án tillits til hvaðan uppruni þess er. Sniðskjölin gera það að verkum að hönnunarlegum forsendum er fylgt við innsetningu efnis að mestu, en það á við um myndbirtingu, lýsingu, letur og liti. Notandi verður þó að gæta þess að texti taki ekki með sér kóða úr upprunalegum textavinnsluferfum sem getur haft áhrif á hvernig textinn birtist á síðum.

Stefna Háskólans er að vefumsjónarkerfi geti leyst þennan þátt eins og best verður kosið á hverjum tíma.

Letur og stærð er skilgreint í stílsniðum sem veðráð stýrir. Leturgerð er sjálfgefin sans-serif leturgerð á vélum vefgesta. Stærðir eru mismunandi eftir staðsetningu texta en lágmarksstærð er 10 punktar.

Merki HÍ með virkri krækju á [www.hi.is](http://www.hi.is) er efst til vinstri á öllum vefsíðum þannig að notandinn komist á upphafssíðuna með einum músarsmelli.

## Myndir

Stefna Háskóla Íslands er sú að myndir fái mikið rými í vefsvæðum skólans. Myndir eiga að hafa eins nákvæma lýsingu í texta og við verður komið ásamt hnitmiðuðum myndatexta sem einfaldar leitarvélum að finna gögn í myndformi á vefsvæðum HÍ. Stefna Háskólans er sú að

vefumsjónarkerfi geti klippt myndir í þær birtingarstærðir sem henta svo að vefumsjónarfólk þurfi aldrei að vinna með myndir í vinnslukerfum á borð við Photoshop.

Stefna Háskóla Íslands er jafnframt sú að einfalt sé að sýna margar myndir í sömu efniseiningu, t.d. í frétt, og að vefumsjónarkerfið bjóði upp á skyggusýningar eða fjöldasýningu á myndum þar sem notandi smellir með mús til að færast á milli mynda.

Myndir skulu alla jafna vera á öllum síðum aðalvefs HÍ. Myndir skulu vera viðeigandi og eiga við það efni sem er á síðunni. Háskóli Íslands þarf í öllum tilvikum að hafa rétt á að nota viðkomandi myndir til birtingar á vefsvæðum sínum.

- Vefritstjóri hefur leyfi til þess að skipta út myndum ef þess er þörf að mati vefritstjóra.
- Viðeigandi myndir skulu fylgja öllum fréttum sem settar eru inn á vefsvæðið.
- Ekki er æskilegt að setja inn myndir á efnissvæði á síðum sviða og deilda að óþörfu.

## **Skipulag**

Uppbygging vefsvæðis HÍ er með þeim hætti að frá aðalsvæði Háskólans er tæmandi aðgangur og hæsta upplýsingastig yfir alla starfsemi skólans, með sviðaskiptingu og þar undir eru allar deildir skólans aðgengilegar í fellivalmynd. Þannig er unnt að nálgast alla þætti frá sömu upphafssíðu.

Auðvelt er því að sjá hvar upplýsingar liggja á vefsvæði Háskólans og gagnalegt skipulag er opið og einfalt. Notandi þarf alltaf að sjá hvar hann er staddur við upplýsingaleitina eða leit að þeirri þjónustu sem hann þarfnast. Hann á að hafa góða og sjá í hendingskasti það skipulag sem vefurinn byggir á.

Leitin er einn af grundvallarþáttum í efnismiklum vef og leitarvél á vefsvæði Háskóla Íslands á að vera einföld og ítarleg, eftir því hvernig notandi kys að nálgast upplýsingar. Leitin á að birta efnið flokkað eftir birtingarflokkum vefsvæðisins.

Á forsíðu [www.hi.is](http://www.hi.is) skal aðeins setja fréttafni sem tengist Háskólanum í heild sinni eða efni sem vefritstjóri HÍ eða stjórnendur markaðs- og samskiptasviðs telja að eigi erindi inn á forsíðu [www.hi.is](http://www.hi.is). Vefritstóri hefur rétt á að taka fréttir af forsíðu HÍ.

Fréttahluti og viðburðahluti forsíðunnar gerir það að verkum að forsíðan er að hluta til safnsíða fyrir efni frá einstökum sviðum og deildum. Þetta gerir það að verkum að fréttir sem merkastar eru af hverjum vefhluta birtast sjálfvirkir á forsíðu sviðsins.

Þetta á einnig við um auglýsingasvæði á forsíðu.

## **Fræðasvið og deildir**

Veftré allra fræðasviða og veftré allra deilda eiga að vera samræmd til að auðvelda notendum leit að efni og að nálgast það án leitar. Vefstjórar sviðanna geta óskað eftir því að ákveðnir flokkar verði ekki birtir á vefsvæði tiltekinna sviða þar sem það á við. Vefstjórar sviðanna geta einnig óskað eftir því að síðum verði bætt við þegar dýpra er komið inn í veftréð. Þetta skal gert í samráði við vefritstjóra.

Notandi á vef HÍ á í öllum tilvikum að fá glögga mynd af byggingu sviða- og deildavefja í heild sinni á forsíðu sviðsins og á forsíðu deildanna. Hann á ávallt að sjá hvar hann er staddur eftir því sem hann fer áfram og dýpra í vefinn. Upphafssíða hvers sviðs á í öllum tilvikum að vera gátt inn í vefhluta deildanna eða undirvefsvæðanna.

Upphafssíða hvers fræðasviðs er að hluta til safnsíða fyrir efni frá einstökum vefhlutum sviðsins og deildarvefjum innan þess. Þetta gerir það að verkum að fréttir sem merkastar eru af hverjum vefhluta eða deild birtast sjálfvirkir á forsíðu sviðsins. Ritstjórar fræðasviðanna hafa einir heildaraðgang að sínum vefhluta eftir ritstjórnarlegri forskrift sem vefritstjóri Háskólans ákvarðar.

- Vefritstjóri HÍ tekur þannig ákvörðun um réttindi ritstjóra deildarvefja og vefstjóra sviðsins hverju sinni eftir þekkingarstigi þeirra og hefur réttindi til þess að bæta við eða taka af þeim réttindi.
- Leitast er við að veftré sérvefja séu eins samræmd og kostur er.
- Vefritstjóri úrskurðar um álitamál tengdum skipulagi.

## **Gæði**

- Allar upplýsingar á vefjum HÍ eiga ævinlega að vera uppfærðar og réttar.
- Starfsmenn hljóta ekki réttindi til að setja efni á vefsvæðið nema að undangengnu námskeiði í vefumsjónarkerfi því sem er í notkun á hverjum tíma. Vefritstjóri sér til þess að námskeið séu haldin.
- Vefmiðlarar og gagnagrunnsmiðlarar skulu stöðugt verndaðir með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni
- Vefritstjóri getur lokað eða breytt aðgangi. Til dæmis ef aðgangur hefur ekki verið notaður lengi eða hann framseldur.
- Vefritstjóri og vefráð hafa stöðugt auga með gæðum vefja og grípa til aðgerða til að viðhalda þeim og auka.

## **Ábyrgðir**

- Vefritstjóri Háskóla Íslands ber ábyrgð á vefstefnu HÍ og að henni sé framfylgt.
- Vefritstjóri Háskóla Íslands ber ábyrgð á að kynna umsjónarmönnum einstakra vefsvæða vefstefnu og verklagsreglur.
- Vefritstjóri skipuleggur og ber ábyrgð á uppbyggingu veftrés aðalvefsvæðis HÍ, vefsvæða fræðasviða og helstu sérvefja.
- Vefstjórar sérvefja bera ábyrgð á úthlutun aðgangsréttinda á tiltekin vefsvæði.
- Ábyrgðarmenn einstakra vefsvæða bera ábyrgð á efni þess svæðis og að það sé ætíð yfirlesið, uppfært og rétt.
- Vefritarar bera alfarið ábyrgð á því efni sem birtist á vefjum í þeirra nafni.
- Reiknistofnun Háskóla Íslands ber ábyrgð á rekstri vefmiðlara og gagnagrunna vefjanna og tryggir að þeir séu stöðugt verndaðir með öryggisbúnaði sem nauðsynlegur þykir hverju sinni.
- Reiknistofnun Háskóla Íslands ber ábyrgð á að upptími vefsvæða Háskóla Íslands sé með því besta sem þekkist og að svartími vefsvæða Háskóla Íslands sé ávallt sambærilegt við það sem best gerist hjá fremstu háskólum í heimi.

## 3. Tæknilegar leiðbeiningar

### Lén

Leitast skal við að hafa nöfn á lénnum eins skýr og gagnsæ og auðið er. Þau ber að ákveða í samráði við vefráð. Lén sem tilheyra Háskóla Íslands eru: [www.hi.is/xxx](http://www.hi.is/xxx), [www.xxx.hi.is](http://www.xxx.hi.is). En þau geta einnig verið .is léni eins og [www.student.is](http://www.student.is).

### Myndir

- Myndir skulu ekki hafa meiri upplausn en 72 px/inch.
- Myndir vinstra megin á aðalvef skulu vera í stærðinni 200x200 px
- Myndir hægra megin í eyju á síðum fræðasviða og deilda skulu vera í stærðinni 100 x 200px
- Myndir með fréttum og viðburðartilkyningum mega vera allt að 420 px á breidd.
- Auglýsingar í vinstri svæðum á forsíðum fræðasviða og deilda skulu vera 230px á breidd
- Auglýsingar í vinstri svæðum sérvefja skulu ekki vera breiðari en 230px
- Auglýsingar á forsíðu neðarlega til hægri mega ekki vera breiðari en 146px
- Borði í eyju á forsíðu er 694 x 114px. Í honum verður að vera lóðrétt lína (skýr eða gefin í skyn 231px frá vinstri kanti)

### Vefumsjónarkerfi

Notast er við vefumsjónarkerfið Drupal fyrir aðalvefsvæði Háskóla Íslands, vefsvæði fræðasviða og valda sérvefi.

Smávafir sem reknir eru á lénnum sem Háskóli Íslands miðlar og notaðir verða af einstaklingum og stofnunum og í smærri verkefnum innan HÍ, verða studdir með vefumsjónarkerfinu WordPress.

Háskóli Íslands mun leggja til sniðskjöl til notkunar í vefsvæðum knúnum með WordPress og er ekki heimilt að kvika frá notkun þeirra sniðskjala á meðan vefirnir eru vistaðir á lénnum sem HÍ veitir aðgang að.

Viðbætur og breytingar á vefumsjónarkerfum eru að öllu jöfnu unnar af Reiknistofnun í samráði við þá sem málið varðar. Öllum einingum, stjórnsýslueiningum og akademískum einingum, er heimilt að óska eftir sérlausnum við vefsvæði sín sem unnt er að útfæra stangist breytingarnar ekki á við vefstefnuna.

Sérlausnir skulu þó samþykktar af vefritstjóra áður en kemur til breytinga á vefsvæði Háskólans.

Sérlausnir geta verið unnar við vefsvæði Háskóla Íslands af þriðja aðila óski þeir sem málið varðar eftir slíku.

Allt efni á að birtast óbrengrað í öllum algengustu vöfrum og stýrikerfum (Windows, MacOS, Internet Explorer, Mozilla Firefox, Safari, Opera og í Google Chrome).

Óleyfilegt er að setja hverja þá tegund efnis á vefsvæðið sem ekki er nothæft í framangreindum vöfrum og stýrikerfum án sérstakra viðbóta. Vefritstjóri getur veitt heimild til undanþágu á þessu ef raunveruleg þörf á slíku er fyrir hendi sem verður ekki leyst með venjulegum myndum og HTML/CSS kóða.

## 4. Skilgreiningar

Vefráð HÍ	Vefráð mótar vefstefnu Háskóla Íslands og framtíðarsýn innri og ytri vefja skólans. Vefráðið horfir til tæknilegra þátta og þarfa Háskólans sem heildar varðandi veflausnir. Vefráðið metur þörf fyrir tengingar veflausna skólans við innri kerfi. Vefráð hittist a.m.k. fjórum sinnum á ári. Vefráð er skipað vefritstjóra HÍ (1), fulltrúa markaðs- og samskiptasviðs (1), fulltrúa vinnuhóps um Uglu (1), fulltrúa Menntasmiðju (1), fulltrúa Rektorsskrifstofu (1), fulltrúa Reiknistofnunar (1) og fulltrúa akademíu (1). Að öllu jöfnu er einhver vefstjóra fræðasviðanna í vefráði sem fulltrúi akademíu.
Vefstjórnarhópur ytri vefja	Hópur vefstjóra fræðasviða Háskólans (5) ásamt vefritstjóra HÍ (1), sem leiðir hópinn. Hópurinn fundar a.m.k. tvisvar í hverjum mánuði. Hópurinn tryggir að vefstefnu Háskólans sé fylgt í öllum einingum skólans, og að efnismiðlun og skilaboð til viðtakenda séu samræmd á öllum vefsvæðum Háskólans.
Vefritstjóri HÍ	Vefritstjóri er starfsmaður markaðs- og samskiptasviðs og ritstýrir ytri vefsvæðum HÍ. Vefritstjóri stýrir viðhaldi og rekstri ytri vefsvæða Háskólans í heild sinni. Hann stjórnar aðgangsheimildum og virkjar þá sem stýra eiga undirvefjum og einstökum hlutum þeirra. Nauðsynlegt er að vefritstjóri hafi ritstjórnarlegar- og markaðslegar forsendur í starfi sínu og einnig góða tilfinningu fyrir tækniþáttum og gagnagrunnsfyrirkomulagi ásamt því að vera vel ritfær. Vefritstjóri HÍ er Díana Dögg Víglundsdóttir.
Vefstjórar fræðasviða	Starfsmenn fræðasviða sem bera ábyrgð á vefmálum tiltekinn sviða. Nauðsynlegt er að vefstjórar fræðasviða hafi ritstjórnarlegar- og markaðslegar forsendur í starfi sínu fyrir hönd síns svið og hafi einnig góða tilfinningu fyrir tækniþáttum og gagnagrunnsfyrirkomulagi. Þeir þurfa að vera vel ritfærir.
Vefstjórar sérvefja	Starfsmenn sem bera ábyrgð á efni sérvefja (vefir stofnana, ráðstefna o.s.frv). Nauðsynlegt er að vefstjórar sérvefja hafi ritstjórnarlegar- og markaðslegar forsendur í starfi sínu og hafi einnig góð tök á íslensku og ensku.
Vefritarar	Starfsmenn sem sjá um að setja efni inn á vefsvæði. Nauðsynlegt er að ritarar hafi markaðslegar forsendur í starfi sínu og hafi góð tök á íslensku og ensku.
Vinnuhópur ytri vefja	Vefritstjóri, vefhópur RHÍ, forritarar, kerfisstjórar o.s.frv.

# Skilgreiningar

## Tækni

Px	Skammstöfun á pixel. Mælieining stærðar á tölvuskjám. Samsvarar minnstu myndeiningu skjás.
px/inch	Upplýsingabéttni mynda á tölvuskjá. Segir hversu margar myndeiningar eru sýndar á hverja fertommu.
Aðalvefsvæði	Aðalvefsvæði eða vefborg Háskóla Íslands með forsíðu og leiðarkerfi um alla undirvefi Háskólans.
Fræðasviðsvefsvæði	Hluti vefsvæðis sem inniheldur upplýsingar um ákveðin fræðasvið.
Sérvefsvæði	Vefsvæði stofnana, ráðstefna o.s.frv. sem vefhópur hefur umsón með uppsetningu á.
Smávefsvæði	Vefir sem ekki flokkast undir hina þrjá flokkana. Vefir einstakra starfsmanna, bogsíður, verkefnavefir o.s.frv.